

Nd.

246. Frumvarp til laga

[110. mál]

um aukatekjur ríkissjóðs.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. des.)

Samhljóða þskj. 135 með þessari breytingu:

20. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra skal með reglugerð ákveða gjöld fyrir hvers konar leyfisbréf, skírteini og skráningar, enda sé ákvörðun þess eigi falin öðrum ráðherra með lögum.

Á sama hátt skal fjármálaráðherra ákveða eftirtalin gjöld:

1. Gjöld fyrir afgreiðslu vöru- og mannflutningaskipa, er koma frá útlöndum, svo og gjöld fyrir að afgreiða útlend fiskiskip.
2. Gjöld fyrir löggildingu manna til starfa sem veitt eru samkvæmt heimild í lögum eða reglugerðum.
3. Gjöld fyrir borgaralega hjónavígslu.
4. Gjöld fyrir löggildingu verslunarbóka.
5. Gjöld fyrir löggildingu leiðarbóka eða véladagbóka.
6. Gjöld fyrir útnefningu matsmanna.
7. Gjöld fyrir embættisvottorð.
8. Gjöld fyrir lögskráningu skipshafna.
9. Ritlaun fyrir endurrit eða ljósrit er gefin eru út úr embættisbókum og skjalasöfnum.